



PRESSEMITTEILUNG

Stofnendahópurinn sem stendur að vefsíðunni <http://kaupthing-edge.helft-uns.de/>, og sem einnig er í sambandi við Karlheinz Bellmann við að endurheimta það fé sem um 30.000 sparifjáreigendur höfðu falið Kaupþingbanka til varðveislu og ávöxtunar, óskar nú eftir að fá að birta og lesa þakkarbréf frá hópnum til allra Íslendinga.

Þýskaland, 24. Nóvember 2008

Þakkir til Íslendinga.

Kæru starfsmenn Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta! Kæru Íslendingar!

Við erum stofnendur vefsíðunnar <http://kaupthing-edge.helft-uns.de/>.

Með þessum línunum langar okkur að koma á framfæri þakklæti okkar til Íslendinga og

alveg sérstaklega til starfsmanna Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta. Símtölum okkar þangað, sem hafa verið fjölmörg, hefur alltaf verið svarað kunnáttusamlega og af sérstakri velvild, sem ekki verður sagt um stjórnvöld okkar.

Herra Karlheinz Bellmann var á Íslandi og þar tók almenningur honum afar vingjarnlega, sem snart okkur mjög. Þessi hlýhugur og undirtökur fjölmiðla studdu framgang máls okkar

verulega áleiðis og eiga örugglega sinn þátt í að endanleg niðurstaða náðist.

Þessu bréfi er ætlað að færa íslensku þjóðinni opinberlega þakkir okkar.

Við vonum að Ísland komi sterkara út úr kreppunni. Við vildum fúslega liðsinna ykkur, en það reynist okkur þó ekki unnt.

Engu að síður vonumst við til að komast einhvern tíman í frí til Íslands, og geta þannig endurgoldið lítinn hluta af vinsemi ykkar og hjálpsemi.

Kærar kveðjur

Vinnuhópur

<http://kaupthing-edge.helft-uns.de/>.

Jóhann Guðnason dómtúlkur og skjalaþýðandi úr og á þýsku hefur verið hópnum innan handar með þýðingar ofl.

Ansprechpartner:

Dirk Schwarz
Weinbergstraße 84
73262 Reichenbach/Fils
Telefon +49 176-64012490
Telefax +49 7153-924861
E-Mail: ke@helft-uns.de

Presseinformation von <http://kaupthing-edge.helft-uns.de/>;
Ansprechpartner: Dirk Schwarz, Weinbergstraße 84, 73262 Reichenbach/Fils,
Kontakt: ke@helft-uns.de